



Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Flateyri, 18. mars 2014

Efni: Umsókn um starfsleyfi til 4.000 tonna framleiðslu á regnbogasilungi í sjókvíum við Snæfjallaströnd í Ísafjarðardjúpi.

Dýrfiskur hf sækir hér um starfsleyfi til framleiðslu á regnbogasilungi í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi. Hámarksframleiðsla á ársgrundvelli verður 4.000 tonn, en ráðgert er að heildarframleiðsla yfir þriggja ára tímabil verði 6.700 tonn og slátrað magn 7.000 tonn. Skipulagsstofnun hefur úrskurðað að framkvæmdin sé ekki matsskyld (6. mars 2014, mál nr 201311068). Í framkvæmdalýsingu kemur fram að stefnt sé að því setja út í sjókvíar allt að 1.75 milljón regnbogasilungsseiði á þriggja ára fresti. Seiðin verða alin í landeldisstöð fyrirtækisins í Tálknafirði og í framhaldi af því verða þau alin í sjókvíum í 18 mánuði áður en slátrun hefst. Slátrun stendur yfir í um 12 mánuði og eldissvæðið við Snæfjallaströnd verður hvílt í a.m.k. 6 mánuði þangað til eldi hefst að nýju.

Meðfylgjandi umsókn þessari er greinargerð samkvæmt 10. grein í reglugerð nr. 785/1999. Það koma fram upplýsingar um atvinnureksturinn eins og krafist er í ofangreindri reglugerð.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in black ink, appearing to read "Arnar Freyr Jónsson". The signature is fluid and cursive, with a long horizontal stroke at the end.

Arnar Freyr Jónsson
Verkefnastjóri hjá Dýrfiski hf.